

STEYPUSTÖÐIN



STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

HLEÐSLULEIÐBEININGAR

MEGASMART



**Megasmart**

Vörunr. 25450 (Horn 25412)

Yfirlit:

1. Lóðréttur Megasmart stoðveggur án jarðvegsnets.
Ráðlögð hámarkshæð 50 cm (mynd 3)
2. Lóðréttur Megasmart stoðveggur með jarðvegsneti.
Ráðlögð hámarkshæð 80 cm (mynd 4)
3. Hallandi Megasmart stoðveggur (4 gráður) án jarðvegsnets.
Ráðlögð hámarkshæð 80 cm (mynd 5)
4. Hallandi Megasmart stoðveggur (4 gráður) með jarðvegsneti.
Ráðlögð hámarkshæð 1,5, m (mynd 6)
5. Uppgefnar hámarkshæðir miðast við jarðvegsyfirborð.
6. Fjöldi máta í hallandi vegg er 32 stk/m² (mynd 2)

Hleðsluleiðbeiningar fyrir stoðvegg

Grafið u.þ.b. 30 cm djúpan og 50 cm breiðan skurð fyrir undirstöður veggjarins. Setjið jarðvegsdúk í skurðinn. Setjið mól u.þ.b. 0-35/40 mm í skurðinn. Þjappið með jarðvegsþjöppu. Jafnið með u.þ.b. 3 cm sandlagi. Leggið neðsta lagið af Megasmart steinunum í miðjan skurðinn; einnig má nota Mega Grundbalk sem neðsta stein (sjá hleðsluleiðbeiningar fyrir Mega Grundbalk). U.þ.b. 10% af heildarhæð veggjarins eiga að vera undir jarðvegsyfirborði. Gætið þess að fyrstu steinarnir séu láréttir. Ef jarðvegur er hallandi er byrjað þar sem hann er lægstur. Hliðrið næsta lagi um hálfan stein. Hálfsteinn fæst með því að skipta steini við miðjumerkið með steinaklippum eða slípirokk.

Þverhöggvinn Megasmart/Megastone 150 er notaður í 90° úthverft horn og er lagður til skiptis á móti venjulegum steini. Hornsteinninn er einnig notaður þegar veggur er hækkaður eða lækkaður í þrepum og getur einnig nýst þegar hlaðnir eru háir hliðstólpar. Stólparnir verða 60 cm á breidd og 2,5 m á hæð hið mesta.

Setjið 15 cm lag af drenmöl (8-16 mm) aftan við vegginn. Sams konar mól má nota til að fylla upp í holrúmið í hleðslunni. Til að styrkja vegginn enn frekar



Megasmart 400x200x150 mm

má fylla holrúmið með þurri steypu. Ef drenrör er notað á það að vera á bak við vegginn, með réttum og jöfnum halla svo vatn renni frá veggnum. Nota má sama efni til fyllingar á bak við drenmölina og notað er undir undirstöðurnar. Farið varlega við þjöppun og ekki of nærri veggnum svo hann færast ekki úr stað.

Þegar hlaðinn er hallandi veggur eru plastmátin sett í grópina á bakhlið steinanna. Þá fær veggurinn sjálfkrafa u.þ.b. 4° halla. Sé jarðvegsnet notað skal ávallt setja fyrsta netið (nr 2912700) á milli fyrsta og annars steins. Leggið nokkra steina þar til komið er að næsta jarðvegsneti.

Ef veggir eru háir eða aðstæður erfiðar má styrkja þá með því að koma 10 mm steypustyrktarjárnri fyrir í holrýminu.

Veggnum er lokað með Bender Megatäck yfirborðsplötu eða Bender Bohusgranít plötu sem límdar eru vandlega niður með víðeigandi lími.

**Mynd 2.** Mát fyrir Megasmart.


Staðsetning mátanna er sýnd á mynd af veggnum.

**150 sléttur
hornsteinn
400x200x150**


ATH! Þær leiðbeiningar sem hér fara á eftir eiga við þegar undirstaða er traust, en eru ekki tæmandi og nauðsynlegt kann að vera að taka sérstakt tillit til aðstæðna á hverjum stað. Þessar upplýsingar eru veittar án endurgjalds og ekki ber að líta á þær sem nákvæmar vinnuteikningar en þær eru eigi að síður mjög gagnlegar við hleðsluna.

Hleðsluleiðbeiningar fyrir lóðréttan stoðvegg

Vörunr. 25450

Mynd 3. Þverskurðarmynd af lóðréttum stoðvegg án jarðvegsnets, hámark 0,5 m.

Ekki er mælt með minni radius en 2,2 m á útsveigðum vegg.
Ekki er mælt með minni radius en 2,5 m á innsveigðum vegg.

Mynd 4. Þverskurðarmynd af lóðréttum stoðvegg með jarðvegsneti, hámark 0,8 m.

Mynd 1. Æskilegt er að nota hlífðarbúnað eins og gleraugu, heyrnarhlífar og öndunargrímur þegar unnið er.

**Mikilvægt!**

Ef halli er á landinu á bak við vegginn eða það er undir álagi t.d. af umferð ökutækja skal ávallt nota jarðvegsnet, jafnvel þótt veggurinn sé lágur. Leitið upplýsinga hjá Steypustöðinni varðandi umfang jarðvegsnetsins.

Líming


Ávallt skal líma efsta steininn sem og horn og enda- og upphafssteina. Ráðlagt lím: PL400, PU700 eða sambærilegt.




Hleðsluleiðbeiningar fyrir hallandi stoðvegg

Vörunr. 25450

Mynd 5. Þverskurðarmynd af hallandi stoðvegg án jarðvegsnets, hámark 0,8 m.



Mynd 6. Þverskurðarmynd af hallandi stoðvegg með jarðvegsneti, hámark 1,5 m..



Æskilegt er að nota hlífðarbúnað eins og gleraugu, heyrnarhlífar og öndunargrímur þegar unnið er.

